

Tillaga stjórnar lögð fyrir aðalfund Kvenréttindafélags Íslands

25. maí 2020

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands leggur til við aðalfund Kvenréttindafélagsins að félagið gangi úr Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur

Rökstuðningur

Kvenréttindafélag Íslands hefur síðasta áratuginn unnið að styrkingu innviða félagsstarfsins. Ný lög voru samþykkt 2015 og hafa verið í stöðugri endurskoðun síðan, með síðustu breytingum samþykktum 2019, og ný stefnuskrá var samþykkt 2018.

Í stefnuskrá er markmið Kvenréttindafélags Íslands skilgreint svo: "Markmið Kvenréttindafélags Íslands er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins." Til að ná fram þessum markmiðum tekur félagið þátt í samfélagslegri umræðu og einbeitt sér að eftirfarandi verkefnum og áherslum: grundvallarréttur til lífs og líkama, félagsleg réttindi kvenna, stjórn mála og réttindi kvenna og efnahagsleg réttindi kvenna [lesið stefnuskrá félagsins hér].

Eins og kemur fram í stefnuskrá Kvenréttindafélags Íslands, er þunginn í starfi félagsins réttindabarátta, og er þessi áhersla skiljanleg í ljósi sögunnar. Kvenréttindafélag Íslands var stofnað 27. janúar 1907 til "að starfa að því að íslenskar konur fái fullt stjórn mála jafnrétti á við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og rétt til embætta og atvinnu með sömu skilyrðum og þeir", eins og stendur í fyrstu lögum félagsins. Í dag, 113 árum frá stofnun félagsins, er þessi jafnréttisbára enn kjarninn í starfi Kvenréttindafélags Íslands.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands hefur síðustu tvö árin unnið að því að skerpa starf félagsins á grundvelli stefnuskrár, til að gera félagið að öflugri samtökum í kynjajafnréttisbárattunni. Hluti af því starfi hefur verið að fara yfir félagaaðild Kvenréttindafélagsins. Árið 2018 sagði aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands upp félagsaðild að náttúruverndarsamtökunum Landvernd. Sama ár samþykkti aðalfundur að sækja um aðild að European Women's Lobby, regnhlífarsamtökum evrópskra kvenfrelsisamtaka, og var umsóknin samþykkt 2019.

Nú leggur stjórn Kvenréttindafélags Íslands til við aðalfund að félagið segi upp aðild að Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur úthlutar matvælum og fatnaði til þeirra sem þurfa. Í nefndinni sitja fulltrúar sjö kvenfélaga: Kvenréttindafélag Íslands, Thorvaldsensfélagið, Hvítabandið, Félag háskólakvenna, Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna, Kvenfélag Alþýðuflokksins og Félag framsóknarkvenna.

Kvenréttindafélag Íslands er einn stofnaðili Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, sem stofnuð var 20. apríl 1928 til að koma ekkjum og föðurlausum börnum til hjálpar. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands er stolt af aðkomu félagsins að starfi Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur í gegnum tíðina, en telur þó starfsemi nefndarinnar ekki falla að áherslum í starfi félagsins í dag.

Hjartað í starfi Kvenréttindafélags Íslands er réttindabarátta, ekki þjónusta. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur sem og fjölmörg önnur samtök hafa verið stofnuð síðustu áratuginn til að sinna þjónustu í þágu kvenna og vinna þau frábært starf. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur hefur í áratugi starfað sjálfstætt, með stjórn og starfsfólk sem sér um daglegan rekstur og fjáröflun, án aðkomu stjórnar aðildarfélaga. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands telur að félagið getur betur stutt við starfsemi Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur sem öflug samtök sem berjast fyrir réttindum kvenna, þ.á.m. réttinum til lífs án fátæktar.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands leggur því til við aðalfund Kvenréttindafélags Íslands 2020 að segja upp aðild að Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.